



Reykjanesbæ 20.apríl 2012.

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög) 657. mál.

Umsagnaraðilar: Reiknistofa fiskmarkaða
Fiskmarkaður Íslands
Fiskmarkaður Suðurnesja

Almennt.

Um íslenska fiskmarkaði fóru á árinu 2011 91 þúsund tonn af bolfiski að verðmæti rúmir 26 miljarðar króna. Í því ljósi er í hæsta máta furðulegt að almennt lætur frumvarpið sig ekkert varða starfssemi íslenskra fiskmarkaða.

Að lágmarki gera umsagnaraðilar það að tillögu sinni að allur fiskur sem veiddur er af kvóta úthlutuðum til rannsókna, fræðslu, strandveiða, sjóstangveiðimóta og frístundaveiða fari skilyrðislaust til uppboðs á fiskmarkaði. Að auki gerum við það að tillögu okkar að engin óunninn fiskur fari óvigtaður úr landi.

Almennt verða lög sem þessi að stuðla að heilbrigðum viðskiptum með íslenskan fisk. Allir sem koma að fyrstu vigtun verða að sitja við sama borð. Það er óþolandi að horfa til þess ár eftir ár að aðilum innan veiða og vinnslu sé stórlega mismunað með reglum um vigtun sjávarafla. Er hér verið að vísa til endurvigtunarheimilda innlendra fiskvinnslu og endurvigtunarheimilda erlendra fiskmarkaða. Fiskistofu og ráðuneyti sjávarútvegs er fullvel kunnugt um að þessar heimildir eru misnotaðar.

Þá eru gerðar alvarlegar athugasemdir við stórauðnar heimildir Fiskistofu til beitingu stjórnvaldssekta án þess að á sama tíma séu gerðar ítarlegar kröfur um menntun og hæfni þeirra sem fara með eftirlit á vegum Fiskistofu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

7.gr.

Lagt er til að bætt verði við eftirfarandi: Afli sem fæst við veiðar á vegum Hafrannsóknarstofnunar (t.d. við netarall og togararall) sem og annarra rannsóknarstofnana og afli sem fæst við veiðar í fræðsluskyni verði boðin upp á fiskmarkaði.

17.gr.

Fyrsta málsgrein verði: Fiskistofa starfrækir uppboðsmarkað fyrir aflamark

20.gr.

Gert verði að skilyrði að strandveiðiafli skuli boðin upp á fiskmarkaði.

21.gr.

Afli sem úthlutað er með byggðarkvóta skuli fara til vigtunar og sölu á fiskmarkaði. Er þá átt við að fiskmarkaður annist beina sölu á milli þeirra aðila sem fá úthlutað byggðarkvóta og fiskverkunar í viðkomandi byggðalagi.

24.gr.

Allur afli sem fæst á sjóstangveiðimóti eða við frístundaveiðar skal boðin upp á fiskmarkaði.

27.gr.

Í 2. tölulið annarar málsgreinar verði setningu breytt á eftirfarandi veg. Í stað „ Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsm..... „ komi „ Að aflinn sé boðinn upp á viðurkenndum uppboðsm.....“

28.gr.

Í þessari grein er orðalag mjög óljóst. Kveða skal skýrt og ákveðið á um það að ef afli er fluttur út óvigtaður þá skuli koma á hann umrætt álag, skilyrðislaust.

45.gr.

Í lið I. er eftirfarandi setning: Á eftir 18. gr. kemur ný grein, 18. gr. a, svohljóðandi: Fiskistofa getur lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga

Í ljósi aukinnar heimildar Fiskistofu til að beita stjórnvaldssektum verður að krefjast þess að eftirlitsmenn Fiskistofu lúti ákveðnum kröfum um menntun og hæfni. Þá er því harðlega mótmælt að Fiskistofa sé heimilt eftirlit á kostnað vigtunarleyfishafa eingöngu vegna þess að Fiskistofa telji að fyrir liggja rökstuddur grunur um brot. Hægt á að vera að innheimt umræddan kostnað þegar sekt liggur fyrir en ekki fyrir.

Niðurlag

Á vegum Fiskmarkaðs Íslands er unnið að ítarlegri skýrslu um áhrif þessa frumvarps á rekstarumhverfi íslenskra fiskmarkaða. Óskum við eftir því að fá að leggja þá skýrslu fram sem viðbót við þær athugasemdir sem hér eru gerðar. Skýrslan verður tilbúin á næstu dögum.

Biarni Áskelsson Reiknistofu fiskmarkaða

Páll Ingólfsson Fiskmarkaði Íslands

Ragnar Kristjánsson Fiskmarkaði Suðurnesja